

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1****2017/EES/31/07****frá 3. janúar 2017****um verklagsreglur um auðkenningu fara samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/53/ESB um skemmtibáta og einmenningsför á sjó (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/53/ESB frá 20. nóvember 2013 um skemmtibáta og einmenningsför á sjó og um niðurfellingu á tilskipun 94/25/EB ⁽¹⁾, einkum c-lið 1. mgr. 49. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að tryggja betri framkvæmd kóðunarkerfisins, sem krafist er fyrir auðkenningu fars samkvæmt tilskipun 2013/53/ESB, til að greiða fyrir samstarfi milli aðildarríkjanna og til að auka gagnsæi er nauðsynlegt að mæla fyrir um lágmarksreglur varðandi aðferð við úthlutun og umsjón með sérstökum kóða framleiðanda.
- 2) Rétt þykir að ákvarða að hvert aðildarríki sé ábyrgt fyrir að tilnefna landsbundið yfirvald eða landsbundinn aðila sem úthlutar sérstökum kóða framleiðanda og sem verður tengiliður við úthlutun og umsjón með kóðum framleiðanda.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2013/53/ESB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

*I. gr.***Viðfangsefni**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um auðkenningu fars, einkum reglur um úthlutun og umsjón með kóðum framleiðanda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 1, 4.1.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjttíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 90.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „landsbundinn aðili“: aðili sem landsbundið yfirvald hvers aðildarríkis tilnefni til að úthluta sérstökum kóða framleiðanda,
- b) „land þar sem framleiðandi hefur staðfestu“: land þar sem framleiðandi hefur skráða skrifstofu, ef um er að ræða lögaðila, eða fast heimilisfang, ef um er að ræða einstakling,
- c) „landsskrá“: skrá hvers aðildarríkis þar sem hinn sérstaki kóði framleiðanda fyrir framleiðendur, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði sínu, er skráður,
- d) „skrá þriðja lands“: skrá samstarfsvettvangs framkvæmdastjórnarinnar þar sem hinn sérstaki kóði framleiðanda fyrir framleiðendur, sem hafa staðfestu í þriðja landi, er skráður,
- e) „skrá aðildarríkja“: safn landsskráa innan samstarfsvettvangs framkvæmdastjórnarinnar,
- f) „skrá tilkynntra stofa“: skrá samstarfsvettvangs framkvæmdastjórnarinnar, þar sem auðkenniskóði í tengslum við mat sem fram fer að lokinni smíði, er skráður.

2. KAFLI

SAMSETNING KENNINÚMERS FARS

3. gr.

Kenninúmer fars

1. Kenninúmer fars skal samsett úr eftirfarandi þáttum, í eftirfarandi röð:
 - a) landskóða framleiðanda sem tilgreinir hvar framleiðandinn hefur staðfestu,
 - b) hinum sérstaka kóða framleiðanda sem landsbundið yfirvald aðildarríkis úthlutar; landsbundið yfirvald eða landsbundinn aðili aðildarríkis getur þó einnig búið til sérstakan kóða framleiðanda með sömu samsetningu tákna og landsbundið yfirvald eða landsbundinn aðili annars aðildarríkis en í því tilviki er sérkennandi þátturinn landskóði framleiðanda,
 - c) sérstöku raðnúmeri sem framleiðandi úthlutar til að auðkenna far og sem viðkomandi framleiðandi notar aðeins einu sinni; annar framleiðandi getur þó einnig notað sömu samsetningu tákna en í því tilviki er þátturinn, sem aðskilur þá, samsetning hins sérstaka kóða framleiðanda og landskóða framleiðanda,
 - d) framleiðslumánuði og -ári,
 - e) árgerð sem samsvarar árinu sem ætlunin er að setja tiltekið far á markað.
2. Samsetning kenninúmers fars skal samrýmast annarri málsgrein liðar 2.1 í I. viðauka við tilskipun 2013/53/ESB.

3. KAFLI

ÚTHLUTUN OG UMSJÓN MEÐ SÉRSTÖKUM KÓÐA FRAMLEIÐANDA

4. gr.

Úthlutun sérstaks kóða framleiðanda

1. Landsbundið yfirvald eða landsbundinn aðili aðildarríkis skal úthluta sérstökum kóða framleiðanda í kjölfar beiðni frá framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans í samræmi við 6. eða 7. gr.
2. Landsbundið yfirvald eða landsbundinn aðili aðildarríkis skal búa til og úthluta einungis einu sinni hverjum sérstökum kóða framleiðanda. Hver framleiðandi skal einungis hafa einn sérstakan kóða á markaði Sambandsins.

5. gr.

Landsbundið yfirvald sem úthlutar sérstökum kóða framleiðanda

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna landsbundið yfirvald eða landsbundinn aðila sem er ábyrgur fyrir úthlutun sérstaks kóða framleiðanda.
2. Hvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um landsbundna yfirvaldið eða landsbundna aðilann sem hefur leyfi til að úthluta sérstökum kóða framleiðanda.

6. gr.

Aðferð við að úthluta framleiðanda, sem hefur staðfestu í aðildarríki Sambandsins, sérstökum kóða framleiðanda

1. Framleiðandi skal, áður en hann setur far á markað Sambandsins, leggja fram umsókn, á tungumáli sem er auðskiljanlegt yfirvaldinu þar sem umsóknin er lögð fram, eins og ákvarðað er af yfirvaldinu, um að úthluta landsbundna yfirvaldinu eða landsbundna aðilanum, í því aðildarríki þar sem hann hefur staðfestu, sérstakan kóða framleiðanda.
2. Umsókninni, sem um getur í 1. mgr., skal fylgja afrit af skjali, sem færir sönnun á að framleiðandinn hafi staðfestu í sínu aðildarríki, á tungumáli sem er auðskiljanlegt yfirvaldinu þar sem umsóknin er lögð fram, eins og ákvarðað er af yfirvaldinu.
3. Landsbundið yfirvald eða landsbundinn aðili skal, eftir að hafa sannprófað umsóknina, úthluta sérstökum kóða framleiðanda í samræmi við 4. gr.
4. Hvert aðildarríki skal tryggja að sérstakur kóði framleiðanda sé skráður í eigin landsskrá. Veita skal öllum aðildarríkjum, sem eru í skrá aðildarríkja, aðgang að þessum gögnum.

7. gr.

Aðferð við að úthluta framleiðanda, sem hefur staðfestu í þriðja landi, sérstökum kóða framleiðanda

1. Framleiðandi, sem hefur staðfestu í þriðja landi eða viðurkenndur fulltrúi hans, skal, áður en hann setur far á markað Sambandsins, leggja fram umsókn, á tungumáli sem er auðskiljanlegt yfirvaldinu þar sem umsóknin er lögð fram, eins og ákvarðað er af yfirvaldinu, um að úthluta landsbundna yfirvaldinu eða landsbundna aðilanum í því aðildarríki þar sem framleiðandinn fyrirhugar að setja farið á markað, sérstökum kóða framleiðanda. Einungis er heimilt að leggja fram umsóknina í einu aðildarríki.

2. Umsókninni, sem um getur í 1. mgr., skal fylgja afrit af skjali, sem færir sönnur á að framleiðandinn hafi staðfestu í því landi, á tungumáli sem er auðskiljanlegt yfirvaldinu þar sem umsóknin er lögð fram, eins og ákvarðað er af yfirvaldinu.
3. Við móttöku umsóknar frá framleiðanda skal landsbundið yfirvald eða landsbundinn aðili aðildarríkisins athuga hvaða kóðasamsetningar eru fáanlegar í skrá þriðja lands til að tryggja að þetta sé í fyrsta sinn sem framleiðandi leggur fram umsókn í tilteknu aðildarríki.
4. Að lokinni athuguninni, sem um getur í 3. mgr., skal landsbundið yfirvald eða landsbundinn aðili aðildarríkisins færa inn nafn og heimilisfang framleiðanda í skrá þriðja lands til að gefa til kynna að aðildarríkið hafi hafið úthlutun sérstaks kóða framleiðanda.
5. Landsbundið yfirvald eða landsbundinn aðili skal, að lokinni sannpröfun á umsókninni, úthluta framleiðanda sérstökum kóða framleiðanda í samræmi við 4. gr. Landsbundið yfirvald einungis eins aðildarríkis skal úthluta framleiðanda, sem hefur staðfestu í þriðja landi, einungis einum sérstökum kóða framleiðanda.
6. Þegar landsbundið yfirvald eða landsbundinn aðili úthlutar framleiðanda, sem hefur staðfestu í þriðja landi, sérstökum kóða framleiðanda skal yfirvaldið eða aðilinn færa kóðann í skrá þriðja lands.

8. gr.

Aðferð við mat sem fer fram að lokinni smíði

1. Ef um er að ræða matið sem fer fram að lokinni smíði, sem um getur í 19. og 23. gr. tilskipunar 2013/53/ESB, þar sem tilkynnt stofa verður, á eigin ábyrgð, að festa kenninúmer fars, er sérstakur kóði framleiðanda tilgreindur með auðkenniskóða, sem landsbundið yfirvald aðildarríkisins, þar sem tilkynnta stofan hefur staðfestu, skal úthluta í tengslum við mat sem fer fram að lokinni smíði.
2. Þegar tilkynntar stofur úthluta auðkenniskóða í tengslum við mat sem fer fram að lokinni smíði skulu þær færa hann í skrá tilkynntu stofanna.

9. gr.

Gjöld

Aðildarríkjunum er heimilt að setja reglur um gjöld sem gilda um úthlutun sérstaks kóða framleiðanda.

4. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

10. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. janúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
